

AUGLÝSING

um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna og eldisfiska frá.

1. gr.

Aðeins er heimilt að flytja inn sjávarafurðir frá viðurkenndum ríkjum, sbr. 2. til 6. gr.

2. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5. og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipunum sem eru á skrá Fiskistofu yfir viðurkennda aðila.

Albanía	Gambía	Letland	Óman	Tansanía
Argentína	Gana	Litháen	Pakistan	Tékkland
Ástralía	Gvatemala	Madagaskar	Panama	Túnis
Bangladess	Indland	Malasía	Perú	Taívan
Brasilía	Indónesía	Maldíveyjar	Pólland	Úrúgvæ
Chíle	Íran	Marokkó	Rússland	Venesúela
Eistland	Jamaíka	Máritanía	Senegal	Víetnam
Ekvador	Japan	Máritíus	S-Afríka	Yemen
Falklandseyjar	Kanada	Mexíkó	Seychelleseyjar	
Filippseyjar	Kína	Namibía	Singapúr	
Fílabeinsströndin	Kólumbía	Nígería	S-Kórea	
Færeyjar	Kúba	Nýja-Sjáláland	Tailand	

3. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5., og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipunum sem hafa fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum, sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Alsír	Erítrea	Hong Kong	Mósambík	Srí Lanka
Angóla	Fidjeyjar	Hvíta Rússland	Myanmar	Súrínám
Antígva ¹	Franska Polynesía	Ísrael	Nikaragúa	Sviss
Aserbaídsjan ²	Gabon	Kamerún	Nýja Kaledónía	Simbabwe
Bahamaeyjar	Grenada	Kenía	Papúa Nýja Génea	Tógó
Bandaríkin	Grænland	Kostaríka	Sankti Helena	Tyrkland
Barbúða ¹	Gínea Conakri	Króaía	Sankti Pierre og Miquelon	Úganda
Belís	Hollensku Antillaeyjar	Kýpur	Salómonseyjar	Ungverjaland ³
Benín	Hondúras	Malta	Slóvenía	

¹ Aðeins heimilt að flytja inn ferskan fisk.

² Aðeins heimilt að flytja inn kaviar.

³ Aðeins heimilt að flytja inn lifandi sjávardýr til manneldis.

4. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá viðurkenndum svæðum og starfsstöðvum sem eru á skrá Fiskistofu þar um.

Astralía
Chíle
Jamaíka
Marokkó
Perú
S-Kórea
Túnis
Tyrkland
Víetnam

5. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá svæði og starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum, sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Kanada
Færeyjar
Grænland
Nýja Sjáland
Bandaríkin

Einnig er heimilt að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla frá Tælandi sem hafa sætt hitameðferð eða verið sóttþreinsaðar í samræmi við gildandi reglugerð.

6. gr.

Heimilt er að flytja inn fiskmjöl og mjöl unnið úr öðrum sjávardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, sem ætlað er til dýraeldis frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr. auk Úkraínu og Portó Ríkó enda komi mjölið frá skráðri starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

7. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 835 frá 16. nóvember 2000, um lista yfir viðurkennd ríki sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá, með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. janúar 2001.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Þórir Skarphéðinsson.